



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks Fólksins um ráðningar sálfræðinga til að vinna niður biðlista hjá skólaþjónustu Reykjavíkurborgar.

Þann 22. júní 2022 lagði fulltrúi Flokks Fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um ráðningar sálfræðinga til að vinna niður biðlista hjá skólaþjónustu Reykjavíkurborgar:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr um ráðningar sálfræðinga til að vinna niður biðlista hjá skólaþjónustu Reykjavíkurborgar. Skortur er á sálfræðingum í sálfræðistörf víða. Ástæða þess er án efa m.a. launamál. Því miður bar síðasta samninganefnd borgarinnar ekki gæfu til að meta störf sálfræðinga að verðleikum og lagði sig frekar fram um að klípa af þeim réttindi en að bæta laun þeirra og launaumhverfi. Árið 2021 fékk velferðarsvið 140 milljónir til að ráða skólasálfræðinga. Þessi upphæð dugar skammt ef gert er ráð fyrir að hver tími hjá sálfræðingi kosti að meðaltali 20 þúsund og hvert barn þurfi að meðaltali um fimm tíma. Það segir sig sjálft að með þetta fjármagn og 2.011 börn á biðlistanum, sem flest bíða eftir sálfræðiaðstoð, mun varla sjá högg á vatni. Hver er staða ráðningamála sálfræðinga núna hjá borginni?

Hve marga sálfræðingar á að ráða á árinu 2022 til viðbótar við þá sem fyrir eru?

Er verið að leita eftir að fastráða sálfræðinga? Er verið að leita eftir verktökum til að koma inn í skólana og taka ákveðinn málafjölda eða er verið að leita samninga við sjálfstætt starfandi sálfræðistofur? Óskað er upplýsinga um þessi atriði, hvað hefur verið reynt, hve lengi og hvernig útlitið er framundan?

Svar:

Eftirspurn eftir þjónustu sálfræðinga í samfélaginu er mikil og hefur m.a. verið erfitt að ráða sálfræðinga í fastar stöður á miðstöðvum velferðarsviðs.

Frá sumri 2021 hefur margra leiða verið leitað um kaup á þjónustu í gegnum verktöku/samninga við sálfræðistofur. Haft hefur verið samband við sálfræðinga/sálfræðistofur sem áður höfðu tekið að sér verkefni, samband haft við sálfræðinga sem áður höfðu unnið á velferðarsviði, auglýst á fésbókarsíðu Sálfræðingafélagsins og tengslanet starfsmanna virkjað. Raunveruleikinn er hins vegar sá að fáar sálfræðistofur hafa getað bætt við sig verkefnum vegna anna en samningar hafa tekist við sjálfstætt starfandi sálfræðinga.



Meðfylgjandi er svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölda barna sem hafa fengið þjónustu á grundvelli tímabundinna fjárheimilda vegna áhrifa COVID-19, sem lagt var fyrir fund velferðarráðs þann 4. maí 2021. Þar kemur m.a. fram að áætlað er að kaupa sálfræðiþjónustu (greiningar) fyrir að minnsta kosti 50 börn til loka árs 2022. Frá maí hefur verið greitt fyrir u.þ.b. 22 börn af þeim 50 sem áætlað var að kaupa þjónustu fyrir í formi greininga.

Frá maí mánuði hefur áfram verið unnið að því að semja við sjálfstætt starfandi sálfræðinga en jákvæð svör eru enn að berast frá einstaka sálfræðingum sem eru tilbúnir til að taka að sér verkefni. Líkur eru á að áfram verði hægt að kaupa þjónustu af þeim aðilum sem nú þegar hefur verið samið við og í vissum tilvikum er búið að semja um slíkt til áramóta. Það er því von á að hægt verði að mæta þörfum fleiri barna en upphaflega var áætlað skv. svari frá 4. maí sl.

Fylgiskjal.

Svar við fyrirspurn sem lagt var fyrir fund velferðarráðs 4. maí 2022.